

FUNDARGERÐ

547. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 26. maí 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtöldum atriðum yrði bætt á dagskrána:

- Fundargerð 34. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 23. maí 2016, verður liður IV – 4 á dagskránni.
- Fundargerð 172. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 25. maí 2016, verður liður IV – 5 á dagskránni.
- Ársreikningur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu fyrir árið 2015, verður liður IV – 6 á dagskránni.
- Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga, verður liður III – 4 á dagskránni.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna

Gerðir fundarins

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 223. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 10. maí 2016

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Fundargerð 239. fundar skipulagsnefndar frá 23. maí 2016

1. Mið-Hvoll – Stöðuleyfi

Sótt um stöðuleyfi fyrir íbúðargámi til eins árs
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Benedikt Bragason – rif fasteigna

Benedikt Bragason sækir um að fá að rífa 5 gömul og ónýtt útihús
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. Skeiðflöt – stöðuleyfi

Skeiðflöt ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir tveimur íbúðagámum og litlu sumarhúsi við Skeiðflöt.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

5. Mýrarbraut 10 – klæðning á húsi

Auðbert Vígfússon sækir um heimild til að klæða íbúðarhús sitt að Mýrarbraut 10. Eva Dögg Þorsteinsdóttir vísar af fundi undir þessum lið.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar EDP mætir aftur til fundarins.

6. Sandfangari – lagersvæði

Vegagerðin sækir um leyfi til að nýta svæðið austan við flóðvörnina fyrir lagersvæði vegna byggingar á nýjum sandfangara.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf frá Ragnari Guðgeirssyni – Samfélagsverkefni

Sveitarstjórn þakkar Ragnari tilboðið og felur sveitarstjóra að ræða við Ragnar og finna hentugan tíma til að fara í þessa vinnu.

2. Bréf frá Elísabetu Ástu Magnúsdóttur og Páli Tómassyni varðandi skammtímaleigu

Í bréfinu óska bréfritarar eftir því að fá öll gögn sem lágu til grundvallar ákvörðun sveitarstjórnar um takmarkanir á útleigu íbúðarhúsnæðis.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

3. Erindi frá innanríkisráðuneytinu um búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum

3a. Skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum

Lagt fram til upplýsinga

4. Tilkynning um viðmiðunardag vegna gerðar kjörskrárstofns

Lagt fram til upplýsinga

5. Umsókn um tækifærisleyfi frá Ströndinni 4. og 6. júní n.k.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins. Jafnframt veitir sveitarstjórn sveitarstjóra fulla heimild til afgreiðslu á öllum almennum umsóknum um tækifærisleyfi sem þetta.

6. Umsókn um lóð undir íbúðarhús við Sunnubraut 30 frá Sigurði Elíasi Guðmundssyni

Sveitarstjórn samþykkir að lóðaúthlutunina og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðaleigusamningi þegar breytingar á aða- og deiliskipulagi svæðisins hafa verið staðfestar.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Minnisblað um fund vegna nýja sjóvarnargarðsins

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sínum með starfsmönnum Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýjan sjóvarnargarð. Reiknað er með því að verkið verði boðið út fyrirpart sumars og að það taki yfir tvö ár.

2. Minnisblað vegna Reynisholts

2a. Gögn málsins

Sveitarstjóri fór yfir málið og gerði grein fyrir því. Sveitarstjórn telur ekki að framkomin gögn breyti nokkru um fyrri afstöðu sveitarstjórnar og felur sveitarstjóra að koma sjónarmiðum sveitarstjórnar á framfæri við sýslumann.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir situr hjá og óskar bókað: Ég er sammála þeim sjónarmiðum að nágrennar hafi eitthvað um slík leyfi að segja, en ekki er hægt að rökstyðja þá ákvörðun lagalega, út frá aðalskipulagi eða reglum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið þarf því að vinna áfram að skýrari reglum og stefnumótun hvað þetta varðar.

3. Tölvupóstsamskipti við Skólameistara FSU vegna heimavistamála

Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir fundi sem þau ásamt oddvita Skaftárhrepps sátu með skólameistara, aðstoðarskólameistara og stjórnarformanni FSU um málefni heimavistar við skólann. Einnig hefur menntamálaráðherra verið sent bréf um málið.

4. Lánasamningu við Lánasjóð sveitarfélaga.

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar sem tekin var á fundi í apríl s.l. um að sótt verði um lán að upphæð kr. 20.000.000, og með vísan í samþykkt sveitarstjórnar Mýrdalshrepps sem fram kemur í

fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þar sem gert var ráð fyrir lántöku að upphæð 10.000.000, samþykkir sveitarstjórn Mýrdalshrepps hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 30.000.000 kr. til 18 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á félagslegu húsnæði og framkvæmdir við gatnagerð í sveitarfélaginu og , sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ásgeiri Magnússyni, kt: 030350-3089, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mýrdalshrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyriræli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

IV. Fundargerðir til kynningar.

- 1. Fundargerð 838. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2016**
Lagt fram til kynningar
- 2. Fundargerð 27. fundar Stjórnar Kötlu Jarðvangs frá 6. maí 2016**
Lagt fram til kynningar
- 3. Fundargerð 508. fundar stjórnar SASS frá 6. maí 2016**
Lagt fram til kynningar
- 4. Fundargerð 34. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 23. maí 2016**
Lagt fram til kynningar
- 5. Fundargerð 172. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 25. maí 2016**
Lagt fram til kynningar
- 6. Ársreikningur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu fyrir árið 2015**
Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.00

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Þráinn Sigurðsson

E. Tryggvi Ástþórsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir